

# Fagráð í hrossarækt

## 74. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, fimmtudagurinn 7. apríl 2016 kl. 10:30.

Mættir: Sveinn Steinarsson, Guðný Helga Björnsdóttir, Elvar Einarsson, Vignir Siggeirsson, Sveinn Ragnarsson, Bjarni Páll Vilhjálmsson og Þorvaldur Kristjánsson. Hulda Gústafsdóttir hafði tilkynnt fjarveru.

### *Dagskrá:*

1. Drög að sæðingareglugerð – umsögn fagráðs.
2. Aðalfundur FEIF – helstu atriði er varðar ræktunarmál.
3. Sýningar á höfuðborgarsvæðinu – skipulag til næstu ára.
4. Gæðastýring í hrossarækt.
5. Skipulag kynbótasýninga í ár – niðurröðun dómara.
6. Önnur mál.

Formaður Fagráðs setur fundinn og býður Bjarna Pál velkominn í fagráð en hann kemur inn fyrir Baldvin Ara Guðlaugsson. Fundargerð frá fundi fagráðs þann 14. desember 2015 hafði verið samþykkt í gegnum tölvupóst.

1. Drög að nýrri sæðingareglugerð í búfjárrækt var lögð fyrir fundinn til umsagnar en Bændasamtök Íslands, sem formlegur umsagnaraðili, hafði fengið þessi drög til umsagnar frá Matvælastofnun sem fer með þetta mál. Í upphafi reglugerðinnar er kafli sem tekur almennt til allra búfjártegunda. 13. grein reglugerðarinnar tekur sérstaklega til hrossa og er með eftirfarandi hætti í drögum:

„Aðeins dýralæknum er heimilt að sæða hryssur.

Allir stóðhestar sem teknir eru inn á sæðingastöð skulu vera skráðir í gagnagrunninn WorldFengur (WF), örmerktir og uppfylla öll sömu skilyrði og gerð eru til hesta sem koma til kynbótadóms. Þeir skulu heilbrigðisskoðaðir við komuna á sæðingastöð af ábyrgðardýralækni stöðvarinnar m.t.t. mögulegra smitsjúkdóma, bæði kynsjúkdóma og annara, sem og þekktra arfgengra sjúkdóma. Aðeins má nota til sæðinga hesta sem eru með eistu án frávika í stærð, lögun, þéttni og legu og með eðlileg sæðisgæði samkvæmt reglum Fagráðs í hrossarækt. Sömu leiðis skulu þeir án frávika við röntgenskoðun á hækjum og standast aðrar þær heilbrigðiskröfur sem Matvælastofnun setur skv. 6. gr.

Aðeins má sæða hryssur sem eru skráðar í WF og örmerktar.

Ábyrgðardýralæknir skal heilbrigðisskoða allar hryssur sem sæddar eru á stöðinni. Þær skulu uppfylla skilyrði um almennt heilbrigði og hafa líkamlega burði til að ganga með folald. Sæðingar skulu skráðar í samræmi við ákvæði 8.

gr. þessarar reglugerðar. Einnig skal halda skrá yfir allar skoðanir á sæðingarhryssum og þær ekki sónarskoðaðar oftár en þörf krefur til að tryggja rétta tímasetningu sæðingar og fangskoðun.

Hryssur sem notðar eru við sæðistöku skulu heilbrigðisskoðaðar áður en sæðistaka hefst.“

Fagráði líst vel á þær breytingar sem koma fram í 13. grein reglugerðarinnar, fagnar auknum kröfum á frjósemis- og heilbrigðiseiginleika hjá stóðhestum sem nota á í sæðingar og lítur svo á að þetta sé stefnumarkandi fyrir afstöðu fagráðs til þessara mála. Fagráð er ekki með meiriháttar athugasemdir. Þó eru eftirfarandi athugasemdir/tillögur að breytingum:

- Í fyrstu málsgrein 13. greinar er talað um að aðeins dýralæknum er heimilt að sæða hryssur, óskar fagráð eftir rökstuðningi við þennan lið.
- Í annarri málsgrein 13. greinar er eftirfarandi setning með tillögum að viðbótum: *Þeir skulu heilbrigðisskoðaðir við komuna á sæðingastöð af ábyrgðardýralækni stöðvarinnar m.t.t. mögulegra smitsjúkdóma, bæði kynsjúkdóma og annarra, sem og þekktra arfgengra sjúkdóma sem Fagráð í hrossarækt setur viðmið um að sé arfgerðargreint fyrir.*
- Í 3. kafla reglugerðarinnar eru fósturvísaf lutningar teknir fyrir. Fagráð vill bæta þar við að hryssur sem notaðar eru í fósturvísaf lutninga, þ.e. hryssur sem tekin er fósturvísir úr, séu DNA-greindar með tilliti til ætternis og einnig afkvæmi sem eru afurð fósturvísaf lutninga til að tryggja rétt ætterni.

2. Þorvaldur greindi frá helstu málum sem tekin voru fyrir á Ræktunarleiðtogafundi FEIF sem haldin var í Hollandi í byrjun febrúar. Samþykkt var á fundinum að samræma menntunarkröfur til nýrra kynbótadómara en FEIF-löndin hafa gert mismunandi kröfur til sinna dómaraefna í gegnum tíðina. Samræmdar menntunarkröfur hljóma þannig að dómaraefnin þurfa að búa yfir BSc menntun í búvísindum, hestafræðum eða dýralækningum og hafa m.a. þekkingu á erfða- og kynbótafræði, byggingu hrossa og atferlisfræði. Þá þurfa tilvonandi dómarar að hafa reynslu og hæfni í reiðmennsku. Til að tryggja viðunandi hæfni í reiðmennsku verður prófið sem lagt er fyrir dómaraefnin tvískipt í framtíðinni og mun innihalda bæði mat á hrossum og einnig reiðpróf sem er ætlað að sýna fram á hæfni þeirra í reiðmennsku. Er þetta afar mikilvægt skref sem ræktunarleiðtogar FEIF-landanna vilja nú taka og mun tryggja þekkingu kynbótadómara og fagmennsku til framtíðar. Þá var einnig samþykkt að endurskipuleggja skipan formanna í dómnefndir kynbótasýninga um heim allan. Það verður gert á þann veg að skipaður verður hópur 10-12 dómara og mun valið byggja á reynslu þeirra og þekkingu. Þá verður nauðsynlegt að velja einhvern úr þessum hópi til að gegna formennsku í hverri dómnefnd. Þessi hópur er skipaður til tveggja ára í senn og verður valin af kynbótadómaranefnd FEIF. Þetta er stórt skref í átt að enn betra samræmi í dómstörfum á milli sýninga og landa og tryggir viðunandi reynslu í hverri dómnefnd. Þetta verður til viðmiðunar árið 2016 en reglan árið 2017. Hvað varðar kynbótasýningar var einnig rætt um siðareglur sýninganna en á Íslandi eru í gildi strangari og víðfeðmari siðareglur en í öðrum löndum. Stefnan var sett á að samræmdar reglur muni gilda í öllum löndum árið 2017

en Svíar ríða á vaðið og munu taka íslensku reglurnar í gagnið strax á þessu ári.

Hvað varðar lengd brauta til kynbótasýninga þá hefur reglan verið sú að þær eigi að vera 250-300 metrar að lengd. Þessu var breytt og núna eiga þær bara að vera 250 metrar. Þetta er í anda þess að stytta sprettfærið sem hrossin eru sýnd á og léttu verkefnið. Þá var einnig til umræðu þær mismunandi reglur sem gilda um leyfi stóðhesta til ræktunar (utan Íslands) og afkvæmaverðlaun. Ákveðið var að samræma þessar reglur eins og kostur er en þær eru nokkuð mismunandi á milli landa.

Einnig var rætt um nafngiftir hrossa en ákveðið var að öll FEIF-löndin sameinist um að halda í þá hefð að skíra íslensk hross íslenskum nöfnum. Það er reyndar í gildi sú regla fyrir skráningar í WorldFeng að nöfn hross skulu samræmast íslenskri nafnahefð en ákveðið var að herða aðhaldið í kringum þessi mál og er það ekki síst hér á landi sem þess er þörf. Í WorldFeng er nafnabanki með fleiri þúsund nöfnum sem sífellt er í vinnslu og verið að bæta góðum og gildum nöfnum þar inn. Við grunnskráningu hrossa í heimarétt er hægt að skrá nöfn sem eru í nafnabankanum en ef þau eru ekki þar þurfa skrásetjarar WorldFengs að sjá um skráninguna. Þar er því ákveðin sía en gildum nöfnum sem hugmynd kemur um verður svo bætt jafn óðum í bankann.

3. Á fundinum var tekið fyrir skipulag á staðsetningu kynbótasýninga á Höfuðborgarsvæðinu en komin eru nú þrjú svæði til sýninga; í Hafnarfirði, Reykjavík og Kópavogi. RML var falið að skipulegga val á þessum svæðum. Í framhaldi af þessari umræðu kom fram þörf á því að fagrað setji niður skýrar lýsingar á þeim kröfum sem gera skal til sýningasvæða og sem geti einnig nýst staðarhöldurum í undirbúningi sýninganna. Þorvaldi var falið að vinna þessar lýsingar.
4. Gæðastýring í hrossarækt var tekin til umræðu og framtíð þessa kerfis. Ákveðið var að vinna þetta mál nú á milli funda og taka ákvörðun um þróun þessa kerfis eða lok þess á næsta fundi. Ljóst er að þetta kerfi er að sumu leiti úrelt og nær ekki markmiði sínu um að skilja gæðabú frá öðrum og óljóst hvernig þátttaka búa í þessu kerfi nýtist þeim. Greina þarf hvernig Matvælastofnun stendur að sínu eftirliti þar sem hestvæn umhirða er tryggð og fóðrun og öll umhirða hrossa sé í samræmi við lög um velferð hrossa. Einnig þarf að rýna í landnýtingarþátt gæðastýringarinnar en það er sá þáttur sem helst þarf að vinna með til framtíðar. Spurning er hvort það verði að sérstöku verkefni sem tryggir Hrossarækt í sátt við landið.
5. Þorvaldur fór yfir skipulag kynbótasýninganna í ár og lagði skipulagið fyrir fundinn en það hafði verið samþykkt á síðasta fundi fagraðs. Einnig fór hann yfir niðurröðun dómara á sýningar. Fagrað gerði ekki athugasemd við skipulagið.

6. Önnur mál.

Ákveðið hefur verið í reglum um Stofnverndarsjóð að auglýsa eftir umsóknum tvisvar á ári í stað þess að gera það einu sinni á ári eins og verið hefur. Því skal nú auglýsa eftir umsóknum í Stofnverndarsjóð fyrir miðjan maí og taka umsóknir fyrir á næsta fundi fagráðs.

Einnig var val fagráðs á ræktunarbúi ársins tekið fyrir. Árlega koma öll bú/aðilar til greina í valið sem hafa sýnt a.m.k. fjögur hross í fullnaðardóm á árinu og að lágmarki tvö þeirra hafi náð 8,00 í aðaleinkunn. Komið hefur fram beiðni frá ræktendum að þessi listi verði birtur árlega en ákveðin árangur felst í því að komast á þennan lista. Fagráð var sammála þessu og ákvað að birta þennan lista nú fyrst í haust.

Einnig voru DNA mál tekin til umræðu. Á Íslandi er nú sú regla í gildi að úr hryssum og geldingum sem koma til kynbótadóms skuli vera búið að taka DNA-sýni til staðfestingar á ætterni. Þessari reglu þarf að bæta við FIZO-reglurnar sem ná yfir alþjóðlegar kynbótasýningar þannig að þessi krafa taki einnig til hryssna og geldinga sem koma til dóms utan Íslands. Einnig var rætt hvort rétt sé að setja þá kröfu að hross sem flutt eru út frá Íslandi séu með skráð DNA sýni í WorldFeng og hvort þetta eigi að gilda um öll hross eða eingöngu ræktunargripi. Ekki var tekin ákvörðun í því máli og óljóst hvort þetta heyri undir fagráð.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 15:00

Við þennann: Þorvaldur Kristjánsson